

Mál nr.74 /2007
M og
Vátryggingafélagið V-1) v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Kringlumýrarbraut í Reykjaví, þ.28.2.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.4.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 249/07
3. Lögregluskýrsla dags. 2.3.2007 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V-2 dags. 30.3.2007 og 17.4. 2007.
5. Bréf V-1 dags. 25.4.2007

Málsatvik.

Áreksturinn átti sér stað á afrein af Nýbýlavegi inn á Kringlumýrarbraut til norðurs. Afreinin liggur að Kringlumýrarbraut og heldur síðan áfram sem sjálfstæði akrein Kringlumýrarbrautar til norðurs. Ökumaður A segist hafa ekið í röð bifreiða á afreininni og hafi B verið á undan og hafi B verið sveigt til vinstri yfir stýrilínurnar og að Kringlumýrarbraut og hafi hann því talið að B ætlaði að skipta um akrein en síðan hafi B verið sveigt snöggft aftur til baka inn á afreinina vegna mikillar umferðar á Kringlumýrarbraut með þeim afleiðingum að hann ók aftan á B. Ökumaður B segist hafa ætlað að færa sig á næstu akrein til vinstri en hætt við vegna umferðar og beygt aftur til baka og hafi A verið ekið á B. Báðir ökumenn segja að umferðarhraði hafi verið um 30-40 km. á klst.

Álit.

Ökumaður B gætti ekki fullrar varúðar við akstur í umrætt sinn. Ökumaður A gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða við þær aðstæður sem um var að ræða. Báðir ökumenn bera því sök á árekstrinum og þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 8.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.